

Áhættu- og áhættustýringarstefna



EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
2	ÁHÆTTUSTEFNA	4
2.1.1	Fyrirbyggjandi stýring (e. preventive control)	4
2.1.2	Mildun (e. mitigative control)	4
2.1.3	Eftirlit (e. detective control)	4
2.2	Áhættusnið	4
2.2.1	Lífeyristryggingaáhætta	5
2.2.2	Fjárhagsáhætta	5
2.2.3	Rekstraráhætta	6
2.2.4	Stjórnarhættir	7
2.2.5	Aðrir áhættuþættir	7
3	ÁHÆTTUSTÝRINGARSTEFNA.....	8
3.1	Stjórnskipulag áhættustýringar og starfshættir við eftirlit	8
3.1.1	Hlutverk stjórnar	8
3.1.2	Hlutverk framkvæmdastjóra	8
3.1.3	Hlutverk áhættustýringar	8
3.1.4	Hlutverk endurskoðunarnefndar	8
3.1.5	Hlutverk innri endurskoðenda	8
3.2	Framkvæmd eftirlits.....	9
3.2.1	Lífeyristryggingaráhætta	9
3.2.2	Fjárhagsáhætta	10
3.2.3	Rekstraráhætta	15
3.2.4	Stjórnarhættir	17
3.2.5	Aðrir áhættuþættir.....	17
3.3	Vikmarkaeftilit.....	18
4	BIRTINGARTAFLA	19
5	SKÝRSLUSKIL	20

1 Inngangur

.....

Áhættu- og áhættustýringarstefna Brúar lífeyrissjóðs tekur mið af reglugerð um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða nr. 590/2017. Í reglugerðinni er kveðið á um áhættustýringu lífeyrissjóða til að tryggja að þeir hafi yfir að ráða tryggju eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við starfsemi sína.

Með eftirlitskerfi er átt við fjölpátta kerfi sem tekur til mannauðs, verklagsreglna, tölvukerfa og annarra atriða sem nauðsynleg eru til að hægt sé að sinna áhættustýringu á fullnægjandi hátt. Skilvirkt eftirlitskerfi samanstendur af stefnumörkun, aðferðum og skýrslugerð til að greina, meta, vakta og stýra áhættu með reglubundnum hætti.

Með áhættu er átt við skilgreinda áhættupætti¹ sem geta haft áhrif á fjárhagslega-, rekstrarlega- og tryggingafræðilega stöðu sjóðsins á hverjum tíma. Þegar vart verður við tiltekna áhættu þarf að bregðast við og taka ákvörðun um hvort forðast eigi áhættuna, samþykkja hana eða draga úr líkum og/eða afleiðingum.

Áhættuvilji er sú áhætta sem stjórn sjóðsins er reiðbúin að taka². Áhættuvilji er skilgreindur fyrir einstaka áhættupætti og í fjárfestingarstefnu kemur fram vilji til eignadreifingar og samsetningar markaðs- og mótaðilaáhættu niður á einstaka eignaflokka.

Áhættupól er sú áhætta sem lífeyrissjóður þolir án þess að grípa þurfi til sérstakra aðgerða, t.d. að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga eða reyna á bakábyrgð sveitarfélaga í B deild.

Áhættustýringarferli er samfið daglegum rekstri og ákvarðanatöku innan sjóðsins. Starfsmenn sjóðsins eru meðvitaðir um þær áhættur sem snúa að sjóðnum. Líta skal á áhættumat og úttektir sem mikilvægan hluta af því ferli.

Í eftirlitsumhverfi sjóðsins eru skilgreindar þrjár varnarlínur sem draga úr áhættum sem skilgreindar eru í starfseminni:

Varnarlína 1 – Fyrsta varnarlínan samanstendur af þeim aðilum sem sinna stjórnun einstakra áhættupátta og eftirlitsaðgerðir. Stjórn reiðir sig á aðgerðir stjórnenda/starfsmanna við mildun áhættu og því eru framkvæmdar sviðsmyndagreiningar á áhrifum slíkra aðgerða og gerð viðbragðsáætlun. Stjórnandi áhættu heldur utan um frávikaskráningu.

Varnarlína 2 – Önnur varnarlína samanstendur af áhættustýringu sjóðsins sem styður stjórnendur og starfsmenn með áhættumati, úttektum og eftirliti, m.a. í tengslum við mat á gæði stýringa, meðhöndlun áhættu og vali á eftirlitsaðgerðum.

Varnarlína 3 – Innri endurskoðun myndar þriðju varnarlínu. Þriðja varnarlínan kannar hvort innra eftirlit sjóðsins sé í samræmi við stefnu og reglur sjóðsins og hvort aðgerðir fyrstu og annarrar varnarlínu virki.

Áhættustefnu og áhættusnið sjóðsins er að finna í 2. kafla og áhættustýringarstefna í 3 kafla.

Áhættustefna sjóðsins er endurskoðuð árlega, eigi síðar en í desember ár hvert, og oftast ef þurfa þykir.

¹ Skilgreining í 2. gr. reglugerðar 590/2017

² Skilgreining í 2. gr. reglugerðar 590/2017

2 Áhættustefna

Starfsemi sjóðsins er í eðli sínu ekki áhættusækin, en fjárfestingareign hans er alltaf háð einhverri áhættu sem er þó mismikil. Stjórn sjóðsins er bæði meðvituð um að áhættumeiri fjárfestingar geta gefið af sér meiri ávinning samfara auknum líkum á lækkun á virði eða tapi og að áhættuminni fjárfestingar gefi lægri ávöxtun. Í báðum tilfellum getur það leitt til þess að sjóðurinn nái ekki að standa við skuldbindingar sínar til skemmri eða lengri tíma. Markmið fjárfestingarstefnu er að ná a.m.k. 3,5% raunávöxtun eigna til lengri tíma en með lágum vöxtum bæði héraðs og erlendis þarf sjóðurinn að takast á við nýjar áskoranir sem geta kallað á meiri áhættu.

Áhættustefna er eins fyrir A og V deild þar sem stýring fjárfestingaeigna er sameiginleg.

Samþykktir B deildar gera ekki ráð fyrir að iðgjöld til hans eða ávöxtun þeirra dugi fyrir lífeyrisgreiðslum en réttindi í deildinni eru tryggð með bakábyrgð sveitarfélaganna sem standa á bakvið réttindasöfnin en þau greiða mánaðarlega til viðbótar við hefðbundin iðgjöld viðbótarframlag sem er ákveðið hlutfall af greiddum lífeyri.

Í áhættustefnunni eru skilgreindar þrjár megin aðferðir til að stýra og/ eða takmarka áhættu. Þessar aðferðir samtvinnast áhættustýringar-og fjárfestingarstefnu en eftirlit er með eftirfylgni þeirra. Í úttektum er lagt mat á virkni stýringa:

2.1.1 Fyrirbyggjandi stýring (e. preventive control)

Forðast áhættu - Almenn er reynt að forðast eða lágmarka áhættu í rekstri sjóðsins eftir því sem kostur er. Hægt er að útiloka áhættu, t.d. með því að fjárfesta ekki í tilteknum flokki eigna eða tilteknum verðbréfum.

Lágmarka áhættu – Ekki er hægt að útiloka áhættu með öllu í starfsemi sjóðsins og því nauðsynlegt að taka vissa áhættu t.d. til að ná markmiðum um ávöxtun. Í þeim tilvikum sem ekki er hægt að forðast áhættu eða stýra henni að fullu er leitast við að draga úr áhættunni. Sem dæmi er hægt að draga úr áhættu með áhættudreifingu eigna með dreifingu á eignaflokka, landfræðilega stöðu, atvinnugreinar og eignarhald. Markmiðið er að minnka líkur á tapi sem einstakir atburðir geta valdið.

2.1.2 Mildun (e. mitigative control)

Áhættumildun er stýring áhættu með beinum aðgerðum, til að lágmarka eða koma í veg fyrir að áhætta raungerist.

2.1.3 Eftirlit (e. detective control)

Sumar tegundir áhættu eru þekktar, ásættanlegar eða óhjákvæmilegar í rekstri lífeyrissjóðs og því erfitt að stýra eða ómögulegt / óhagkvæmt að beita áhættuvörnum. Mikilvægt er að til staðar sé virkt eftirlit, umfang áhættunnar sé skilgreint og mælt, og hvort um tímabundna eða varanlega áhættutöku er að ræða.

2.2 Áhættusnið

Áhættusniði sjóðsins er skipt upp í 4 meginflokka: Lífeyristryggingaáhætta, fjárhagsáhætta, rekstraráhætta og stjórnarhættir.

Lífeyristrygginga- og fjárhagsáhættu er hægt að skipta í tvennt; Áhættu sem tengist skuldbindingum sjóðsins og áhættu sem tengist eignum sjóðsins.

Áhættuþættir sem tengjast skuldbindingum sjóðsins eru m.a.: Auknar lífslíkur, verðbólga, aukin örorka og breytt ávöxtunarkrafa sem notuð er til núvirðingar á skuldbindingum.

Áhættuþættir sem tengjast eignum sjóðsins eru helst: Lækkun markaðsvirðis verðbréfa, verðbólga, þróun gjaldmiðla og aðrir þættir sem hafa áhrif á markaðsvirði eigna lífeyrissjóðsins. Hér á eftir verður farið yfir skilgreiningu þessara áhættuflokka.

2.2.1 Lífeyrstryggingaáhhætta

Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðs er munur á eignum sjóðsins og reiknuðum skuldbindingum. Lífeyrstryggingaáhhætta felur í sér þá áhættu að lífeyrissjóður vanmeti lífeyrisskuldbindingar sínar vegna vanmats eða óvissu tengdum lýðfræðilegum þáttum, svo sem forsendum um dánar- og örorkutíðni auk forsenda um vexti og verðbólgu.

Samkvæmt 39.gr. laga nr. 129/1997 er kveðið á um að ef tryggingafræðileg staða sjóðsins fari undir -10% eða haldist -5% eða meira samfellt sl. 5 ár er stjórn skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum. Þ deildin er undanþegin þessu ákvæði þar sem ábyrgð sveitarfélaga á lífeyrisskuldbindingum er til staðar.

2.2.2 Fjárhagsáhhætta

Áhhætta sem kann að hafa neikvæð áhrif á virði eigna til skemmri eða lengri tíma og þar að leiðandi neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu. Undir fjárhagsáhhættu eru skilgreindar undiráhhættur: Markaðsáhhætta, mótaðilaáhhætta, lausafjárahætta, samþjöppunaráhhætta og áhhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði.

2.2.2.1 Markaðsáhhætta

Markaðsáhhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafa beint eða óbeint af sveiflum á virði eigna.³

Þessi áhhætta er til staðar í hlutabréfum, skuldabréfum (vaxtatengdum fjármálagerningum) og gjaldeyrisviðskiptum. Megináhhættuþættir markaðsáhhættu eru hluta- og skuldabréfaverð, vextir og gengi gjaldmiðla. Aðrir þættir á borð við fylgni og flökt, hafa hvoru tveggja áhrif á einstaka áhhættuþætti sem og heildar markaðsáhhættu. Misræmisáhhætta telst einnig til markaðsáhhættu en hún myndast þegar misræmi er milli eigna og skuldbindinga sjóðsins til að mynda hvað varðar verðtryggingarhlutfall, meðallíftíma eða gjaldmiðla.

Undir markaðsáhhættu falla neðangreindar áhhættur:

2.2.2.2 Hlutabréfaáhhætta

Gengisáhhætta hlutabréfa er áhhættan á sveiflum í virði hlutabréfa.

Dæmi: Hlutabréf á verðbréfamarkaði lækka mikið í virði sem hefur neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu til lengri og skemmri tíma

2.2.2.3 Skuldabréfaáhhætta (vaxtaáhhætta)

Skuldabréfaáhhætta er áhhættan á tapi vegna verðbreytinga á markaðsverði vaxtatengdra fjármálagerninga, þ.e.a.s. vaxtahækkunar og breytingar á lögum vaxtaferils sem leiðir til lækkunar á virði undirliggjandi fjármálagerninga.

Dæmi: Þegar ávöxtunarkrafa skuldabréfa á verðbréfamarkaði hækkar t.d. vegna ákvörðunar Seðlabanka um að hækka vexti, þá lækkar virði vaxtatengdra fjármálagerninga (skuldabréfa) sem hefur neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu til lengri og skemmri tíma.

2.2.2.4 Gjaldmiðlaáhhætta

Í gjaldeyrisviðskiptum er áhhætta á breytingum á gengi gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni.

Dæmi: Skuldbindingar sjóðsins eru í íslenskum krónum, til þess að dreifa áhhættu er skynsamlegt að fjárfesta í verðbréfum skráðum í öðrum gjaldmiðlum en íslensku krónunni. Mikil breyting á virði íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum hefur áhrif á virði verðbréfa í íslenskum krónum og þ.a.l. haft neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu.

2.2.2.5 Flökt- og fylgniáhhætta

Flökt- og fylgniáhhætta er undirliggjandi áhhætta markaðsáhhættu. Með flöktáhhættu er átt við áhhættuna á tapi vegna breytinga á flökti undirliggjandi áhhættuþátta, t.a.m. gengi, myntgengi o.s.frv. Með fylgniáhhættu er átt við fylgnina á milli sveiflna í mismunandi breytum.

Dæmi: Ef mörg verðbréf með háa fylgni á milli sín eru sett saman í safn, þá eykur það heildaráhhættu safnsins.

³ Skilgreining í 2. gr. reglugerðar 590/2017

2.2.2.6 Misræmisáhcætta

Misræmisáhcætta er breytingar á hlutfalli eigna og skuldbindinga. Í fyrsta lagi er misræmi í hlutfalli verðtryggðra eigna og skuldbindinga sjóðsins sem eru verðtryggðar. Í öðru lagi er misræmi í meðallíftíma eigna sjóðsins og skuldbindinga hans, en meðallíftími skuldbindinga sjóðsins breytist eftir aldursamsetningu sjóðfélaga. Sjóðurinn kemur þó að hluta til í veg fyrir misræmisáhcættu með því að eiga seljanlegar eignir. Í þriðja lagi er að ræða gjaldmiðlamisræmi en hluti eigna sjóðsins eru í erlendri mynt en skuldbindingar í krónum.

Dæmi: Neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu til lengri eða skemmri tíma

2.2.2.7 Eigna- og skuldbindingajöfnuður

Áhcætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði er skilgreind sem hættan á að eignir mæti ekki skuldbindingum til lengri tíma sem má til að mynda rekja til óhagstæðra markaðsbreytinga sem hafa önnur áhrif á eignir en skuldbindingar.

Dæmi: Sem dæmi má nefna langvarandi verðfall á hlutabréfamarkaði sem skaðar eignir verulega, miklar uppgreiðslur og mikið nettó innflæði í lækandi vaxtaumhverfi. Slíkir atburðir minnka möguleika sjóðsins á að ná 3,5% raunávöxtun eigna til lengri tíma á meðan skuldbindingar gagnvart sjóðfélögum eru óbreyttar og hefur þ.a.l. neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu til lengri tíma.

2.2.2.8 Mótaðila- og samþjöppunaráhcætta

Mótaðilaáhcætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi ef að mótaðili uppfyllir ekki skuldbindingar sínar. Undir mótaðilaáhcættu flokkast útlánaáhcætta, þ.e.a.s. skuldari geti ekki greitt skuldir sínar á fyrir fram ákveðnum tíma og greiðslufall verði að hluta eða öllu leyti.

Samþjöppunaráhcætta er skilgreind sem hættan á auknu fjárhagslegu tapi vegna of mikillar samþjöppunar eigna. Nánar tiltekið er þetta sú hcætta sem skapast ef eignaráðstöfun lífeyrissjóðs er á fáa tengda aðila þ.e. í gegnum sameiginlegt eignarhald, stjórnun eða ábyrgðir. Eins getur samþjöppunaráhcætta skapast þegar eignaráðstöfun er einsleit í tilteknum atvinnuvegi, landi eða gjaldmiðli.

2.2.2.9 Lausafjárahcætta

Lausafjárahcætta er skilgreind sem hættan á að lífeyrissjóður hafi ekki yfir nægu lausu fé að ráða eða þurfi að selja eignir á óviðunandi verði innan ákveðins tíma til að standa við skuldbindingar sínar.

Dæmi: Sjóðurinn geti ekki greitt lífeyri á réttum tíma og/eða þurfi að selja eignir á óhagstæðu verði.

2.2.3 Rekstraráhcætta

Rekstraráhcætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi vegna ófullnægjandi innri kerfa, stefnu eða verkferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta. Í áhcættumati hefur starfsemi sjóðsins verið skipt upp í þrjá flokka: Skráning iðgjalda, úrskurður og greiðsla lífeyris og aðrir rekstrarþættir.

Rekstraráhcætta nær einnig til upplýsingaöryggis, hlífingu við lög og reglur, útvistun verkefna, mannauðs, sviksemi og persónuvernd.

Við mat á rekstraráhcættu er tekið mið af alþjóðlegum stöðlum. Hver og einn rekstraráhcættuþáttur er metinn annars vegar án stýringa (eðlileg áhcætta) og hins vegar að teknu tilliti til stýringa (effirstæð áhcætta), en með þessu er verið að meta áhrif og gæði stýringa til áhcættumildunar. Í matinu eru metnar líkur út frá líkindatöflu að áhcætta raungerist og áhrif hennar á: fjárhagslegt tap, ímynd, mannauð, lög, reglur og samþykktir. Með því að meta líkur og áhrif áhcættu reiknast áhcættustig áhcættunnar á hitakorti.

2.2.3.1 Upplýsingaöryggi

Hér er átt við áhcættu á gagnaleka á viðkæmum upplýsingum frá sjóðnum sem og áhcættu tengd vél- og hugbúnaði. Gagnagrunnar, vélbúnaður og hugbúnaður sem sjóðurinn notar í daglegum rekstri þurfa að standast kröfur um upplýsingaöryggi og til staðar sé viðbúnaðaráætlanir sem tryggja upplýsingaöryggi og áframhaldandi rekstur ef upplýsingakerfi verða óvirk.

2.2.3.2 Hlífing við lög og reglur

Hlífingaráhcætta er skilgreind sem brot á reglum, samþykktum, lögum, og tilmælum sem sjóðurinn starfar eftir.

2.2.3.3 Útvistun

Hafa þarf eftirlit með verkefnum sem sjóðurinn útvistar og meta áhættu við að úthýsa þeim.

2.2.3.4 Mannauður

Áhætta tengd veikinda eða starfsmannabreytingum sem gætu leitt til truflana í rekstri. Dæmi um aðgerðir til að draga úr starfsmannaáhættu eru skýrir verkferlar og vinnulýsingar, þjálfun starfsmanna, gott vinnuumhverfi og góður starfsandi.

2.2.3.5 Sviksemi

Áhætta sem tengist svikum sem geta valdið sjóðnum fjárhagslegu tjóni. Sviksemi getur m.a. falið í sér innbrot eða skemmdir á eignum eða starfstöð, tölvuinnbrot, þjófnað, röng framsetning uppgjöra, brot á lögum eða reglum, yfirhyllingu, misnotkun á innherjaupplýsingum o.fl. hvort sem það er framið af hálfu starfsmanna eða utanaðkomandi aðila. Huga þarf að aðskilnaði starfa og kerfislægar stýringar og eftirlit eru dæmigerð viðbrögð til að minnka áhættu á sviksemi. Við mat á svikemisáhættu er m.a. stuðst við þá þætti sem koma fram í svikemisþríhyrningnum sem eru réttlæting, tækifæri og hvati. Formleg leið er til staðar innan sjóðsins til að koma á framfæri ábendingum varðandi sviksemi (e. Whistleblower) og má finna upplýsingar um hana á heimasíðu sjóðsins.

2.2.3.6 Persónuvernd

Áhætta sem tengist broti á persónuverndarlögum með því að vinna með eða birta viðkvæmar persónugreinanlegar upplýsingar án heimilda.

2.2.4 Stjórnarhættir

Samsetning stjórnar, skilvirkni hennar og starfsemi, stefnumótun, áætlanagerð og eftirlit, áhættustýring og innra eftirlit, gagnsæi og upplýsingagjöf og samfélagsleg ábyrgð skapa heildarmynd góðra stjórnarháttanna. Sjóðurinn fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Ísland hf. og Samtökum atvinnulífsins.

2.2.5 Aðrir áhættuþættir

Hér undir fellur önnur, ófyrirsjáanleg áhætta eða atburðir, t.d. kerfishrun og grundvallarbreytingar á reglum og lögum.

3 Áhættustýringarstefna

.....

Áhættustýringarstefna er stefna stjórnar um hvernig lífeyrissjóðurinn hefur eftirlit með einstökum áhættum og fylgni milli áhættupátta⁴.

3.1 Stjórnskipulag áhættustýringar og starfshættir við eftirlit

3.1.1 Hlutverk stjórnar

Stjórn sjóðsins gerir sér grein fyrir þeirri áhættu sem er í starfsemi sjóðsins og ber ábyrgð á að móta tryggt eftirlitskerfi með starfseminni. Stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs leggja áherslu á gæði áhættustýringar og virkni innra eftirlits. Stjórnin hefur sett áhættustefnu þar sem fram kemur áhættuvilji stjórnar, áhættuþol sjóðsins og hvernig áhætta er metin, vöktuð og stýrð.

3.1.2 Hlutverk framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri tryggir að áhættustýring sjóðsins hafi yfir að ráða nægum tíma, starfskröftum og fjármagni til að sinna sínu starfi. Framkvæmdastjóri skal kynna áhættustefnu fyrir starfsfólki sjóðsins og ber ábyrgð á að eftirlit og stjórnun áhættupátta sé í samræmi við stefnu þessa.

3.1.3 Hlutverk áhættustýringar

Áhættustýring hefur umsjón með áhættueftirliti í samræmi við áhættustefnu, áhættustýringarstefnu og áhættuvilja stjórnar. Áhættustýring greinir og mælir áhættu sjóðsins og sér um skýrslugjöf til stjórnar. Starfssvið áhættustýringar heyrir undir framkvæmdastjóra og er sjálfstæð og óháð öðrum starfseiningum sjóðsins. Reynt er að tryggja aðgreiningu þeirra sem greina, mæla og gera skýrslu um áhættu sjóðsins og þeirra sem taka áhættu með ákvörðunum sínum.

3.1.4 Hlutverk endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar sjóðsins en hlutverk hennar er að aðstoða stjórn sjóðsins að uppfylla eftirlitsskyldur sínar í tengslum við birtingu reikningskila, innra eftirlits, áhættustýringu og endurskoðunarferlið.

3.1.5 Hlutverk innri endurskoðenda

Innri endurskoðun kannar hvort innri stjórnun og eftirlit sjóðsins sé í samræmi við stefnu og reglur sjóðsins og kannar virkni innra eftirlits

⁴ Skilgreining í 2. gr. reglugerðar 590/2017

3.2 Framkvæmd effirlits

Virkt effirlit er eftirfarandi með áhættum sjóðsins:

3.2.1 Lífeyrstryggingaráhætta

Til að meta lífeyrstryggingaráhættu sjóðsins er gert árlegt álagspróf á tryggingafræðilegri stöðu í lok hvers árs. Útreikningurinn er byggður á mismunandi forsendum skuldbindinga og eignum sjóðsins og er framkvæmdur af tryggingastærðfræðingi sjóðsins. Niðurstaða álagsprófsins miðast við heildarstöðu en í útreikningum er hún brotin niður í áfallna- og heildarstöðu.

Framkvæmd eru eftirfarandi álagspróf:⁵

Breyta - skuldbindingar	Breyting	Breyta - eignir	Breyting
Núverandi staða		Núverandi staða	
Tryggingafræðileg krafa	-0,5%	Raunávöxtun eigna 3% á ári	-0,5%
Líftöflur hliðrast	2 ár	Verðbólguáhætta	5 ár
Örorkulíkur	+10%	Skuldabréf á gangvirði	-10%
Vísitala neysluverðs	+0,5%	Erlend hlutabréf á gangvirði	-10%
		Innlend hlutabréf á gangvirði	-10%

Ábyrgðar- aðili	Starfsmenn áhættustýringar bera ábyrgð á að álagsprófið sé framkvæmt og vinnur það í samstarfi við tryggingastærðfræðing sjóðsins.
Tíðni	Álagsprófið er framkvæmt árlega samhliða útreikningi á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins og ársuppgjöri. Niðurstöður er hluti af skýrslu um eigið áhættumat sem send er Fjármálaeffirlitinu í lok 2 ársfjórðungs ár hvert.
Áhættuvilji (vikmörk)	Á ekki við
Áhættuþol	Samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997 má munur á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga ekki vera meiri en 10% eða 5% í meira en 5 ár samfellt. B deildin er undanþegin þessum mörkum.
Viðbragðs- áætlun	Starfsmenn áhættustýringar upplýsa stjórn sjóðsins um niðurstöður álagsprófsins.

⁵ Forsendur og breytur í álagsprófi geta tekið breytingum milli ára

3.2.2 Fjárhagsáhætta

3.2.2.1 Markaðs- og gjaldmiðlaáhætta

Stjórn sjóðsins skilgreinir áhættuheimild (e. risk budget) fyrir markaðs- og gjaldmiðlaáhættu sem er föst fjárhæð í krónum fyrir þær eignir sem skráðar eru á gangvirði. Fjárhæðin er metin út frá VaR (e. Value at Risk) útreikningum. VaR mælikvarðanum er ætlað að segja með x% vissu að virði eignasafns geti rýrnað á tilteknu tímabili (n) undir eðlilegum kringumstæðum. Notað er 99% öryggisbil (x) og (n) tímalengdin er einn dagur. Útreikningar eru framkvæmdir og bakprófaðir daglega.

Markaðs- og misræmisáhætta er birt í mánaðarlegri skýrslu um eigið áhættumat til stjórnar. Daglega er hagnaður/tap gangvirðiseigna og VaR útreikningar framkvæmdir og eru þannig helstu mælikvarðar á markaðsáhættu (hlutabréfa, skuldabréfa og gjaldmiðla) sjóðsins ásamt greiningum sem snúa að þróun markaðsvirðis eigna og eignaflokka, verðtryggingarhlutfalls, líftíma skuldabréfa og gjaldmiðlaskipting verðbréfasafns ásamt ávöxtun.

Ábyrgðar- aðili	Starfsmenn áhættustýringar bera ábyrgð á daglegum útreikningi á markaðs- og gjaldmiðlaáhættu. Starfsmenn eignastýringar bera ábyrgð á að fylgjast daglega með markaðs- og gjaldmiðlaáhættu og bregðast við samkvæmt viðbragðsáætlun. Starfsmenn eignastýringar bera ábyrgð á frávíkaskráningu.
Tíðni	Markaðs- og gjaldmiðlaáhætta er reiknuð daglega en misræmisáhætta mánaðarlega. Skýrslugjöf er mánaðarleg til stjórnar. Áhættumat er hluti af mánaðarlegri skýrslu til stjórnar.
Áhættuvilji A / V deild (vikmörk)	<ul style="list-style-type: none"> • Áhættuheimild fyrir daglega markaðs- og gjaldmiðlaáhættu er 400 m.kr. • Daglega eru reiknuð VaR vikmörk fyrir eignir á gangvirði. • Með tilliti til verðtryggðra langtímaskuldbindinga er leitast við að halda meðallíftíma skuldabréfa á gangvirði löngum og skal meðallíftími safnsins ekki vera skemmri en 6 ár. Við sérstakar markaðsaðstæður er heimilt að hafa meðallíftíma safnsins skemmri. • Í fjárfestingarstefnu kemur fram hámarks hlutfall í gengisbundnum eignum sé 40%. • Hlutfall verðtryggðra eigna er ekki skilgreint, heldur er staðan borin saman við verðtryggingarhlutfall sjóðsins.

Áhættuvilji B deild (vikmörk)	<ul style="list-style-type: none"> • Áhættuheimild fyrir daglega markaðs- og gjaldmiðlaáhættu er 50 m.kr. • Daglega eru reiknuð VaR vikmörk fyrir eignir á gangvirði. • Meðallíftími skuldabréfa á gangvirði er ekki skilgreindur, heldur skal meðallíftími taka mið af verðtryggðum langtímaskuldbindingum og markaðsaðstæðum hverju sinni. • Í fjárfestingarstefnu kemur fram hámarks hlutfall í gengisbundnum eignum sé 35%. • Hlutfall verðtryggðra eigna er ekki skilgreint, heldur er staðan borin saman við verðtryggingarhlutfall sjóðsins.
Áhættuþol	<p>Samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997 má munur á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga ekki vera meiri en 10% eða 5% í meira en 5 ár samfellt. B deildin er undanþegin þessum mörkum.</p> <p>Samkvæmt 6. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 skal takmarka gjaldmiðlahættu við 50% af hreinni eign sjóðsins.</p>
Viðbragðs- áætlun	<p>Fari markaðs- og gjaldmiðlaáhætta út fyrir daglega áhættuheimild sem nemur meðaltali hagnaðar/taps fimm síðustu viðskiptadaga skulu starfsmenn eignastýringar greina stöðuna og upplýsa áhættustýringu/framkvæmdastjóra um viðbrögð eigi síðar en daginn eftir atburð. Greining og niðurstaða er hluti af mánaðarlegri skýrslu um eigið áhættumat til stjórnar sjóðsins að undangenginni mánaðarlegri yfirferð í fjárfestingaráði. Fari markaðsáhætta út fyrir dagleg VaR vikmörk skulu starfsmenn áhættustýringar kalla saman fund með starfsmönnum eignastýringar og framkvæmdastjóra. Á fundinum skal ákveða hvort og hvernig skuli brugðist við. Ákvörðun skal kynna fyrir stjórn sjóðsins á næsta stjórnarfund.</p>

3.2.2.2 Eigna- og skuldbindingajöfnuður

Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði er skilgreind sem hættan á að eignir mæti ekki skuldbindingum til lengri tíma sem má til að mynda rekja til óhagstæðra markaðsbreytinga sem hafa önnur áhrif á eignir en skuldbindingar.

Á hverju ári er framkvæmd tryggingafræðileg úttekt og hluti af þeirri úttekt er framkvæmd álagsprófs á helstu áhættupáttum sem geta haft áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins til skemmri og lengri tíma. Til viðbótar er árlega framkvæmt eigið áhættumat en það er mikilvægt stjórn tæki fyrir stjórn sjóðsins þar sem ferlið gefur mynd af helstu áhættupáttum sem tengjast starfsemi sjóðsins⁶ á hverjum tíma. Eigið áhættumat hjálpar stjórn og stjórnendum að fá yfirsýn yfir helstu áhættupætti í starfsemi sjóðsins og gefur jafnframt tækifæri til að meta hvaða áhrif þessir áhættupættir geta haft á sjóðinn.

Ábyrgðar- aðili	Starfsmenn áhættustýringar bera ábyrgð á að framkvæmd eigin áhættumats í samstarfi við stjórn, framkvæmdastjóra og þeirra sem sinna stjórnun einstakra áhættupátta. Þegar eigið áhættumat liggur fyrir eru niðurstöður þess kynnt viðeigandi starfsmönnum.
Tíðni	Eigið áhættumat skal framkvæmt a.m.k. einu sinni á ári og er sent Fjármálaeftirlitinu í lok 2 ársfjórðungs ár hvert.
Áhættuvilji (vikmörk)	Á ekki við.
Áhættuþol	Samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997 má munur á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga ekki vera meiri en 10% eða 5% í meira en 5 ár samfellt. Þ deildin er undanþegin þessum mörkum.
Viðbragðs- áætlun	Þegar niðurstaða eigin áhættumats liggur fyrir og niðurstaða einstakra þátta mælist yfir áhættuþoli sjóðsins skulu starfsmenn áhættustýringar kalla saman fund með þeim sem sinna stjórnun einstakra áhættupátta. Á fundinum skal ákveða hvort og hvernig skuli brugðist við einstökum niðurstöðum eigin áhættumats. Ákvörðun og niðurstaða er hluti af samantekt í skýrslu um eigið áhættumat.

⁶ Leiðbeiningar vegna eigin áhættumats lífeyrissjóða, janúar 2018

3.2.2.3 Mótaðila- og samþjöppunaráhætta

Mótaðilaáhætta er skilgreind m.a. í fjárfestingarstefnu hverju sinni. Stjórn ákveður samsetningu eigna í áhættuflokka á bilinu A – F í samræmi við 36. grein laga um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða, en í flokk A falla áhættuminnstu eignirnar, eins og ríkisskuldabréf og fasteignaveðtryggð skuldabréf en í F flokkinn falla áhættumestu eignirnar, t.d. afleiður.

Ábyrgðar- aðili	Starfsmenn áhættustýringar bera ábyrgð á útreikningi á mótaðila- og samþjöppunaráhættu.
Tíðni	Daglega er reiknað hlutfall hvers mótaðila af heildareignum og þróun áhættuflokka en skýrslugjöf er mánaðarleg til stjórnar ásamt sérstöku yfirliti sem sýnir stöðu og þróun vanskila.
Áhættuvilji A / V deild (vikmörk)	Ekki skal fjárfesta í hlutabréfum einstakra félaga sem vegur meira en 20% af eignaflokknum E.a. hlutabréf félaga. Hlutfall eigna í erlendri mynt er að hámarki 40%.
Áhættuvilji B deild (vikmörk)	Ekki skal fjárfesta í hlutabréfum einstakra félaga sem vegur meira en 20% af eignaflokknum E.a. hlutabréf félaga. Hlutfall eigna í erlendri mynt er að hámarki 35%.
Áhættuþol	Samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997 má munur á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga ekki vera meiri en 10% eða 5% í meira en 5 ár samfellt. B deildin er undanþegin þessum mörkum.
Viðbragðs- áætlun	Fari mótaðilaáhætta út fyrir vikmörk skulu starfsmenn eignastýringar greina stöðuna og kynna niðurstöður og viðbrögð á mánaðarlegum fundi fjárfestingaráðs. Á fundinum skal ákveða hvort og hvernig skuli brugðist við. Ákvörðun skal kynna fyrir stjórn sjóðsins á næsta stjórnarfundi.

3.2.2.4 Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er skilgreind sem hættan á að lífeyrissjóður hafi ekki yfir nægu lausu fé að ráða eða þurfi að selja eignir á óviðunandi verði innan ákveðins tíma til að standa við skuldbindingar sínar.

Ábyrgðar- aðili	Starfsmenn áhættustýringar bera ábyrgð á að útbúa lang- og skammtíma áætlanir um inn- og útlæði ásamt að greina seljanleikaáhættu.
Tíðni	Lausafjárstaða og lausafjánhættun til næstu 12 mánaða er metin mánaðarlega sem fer mánaðarlega til stjórnar. Seljanleikaáhætta er metin árlega í tengslum við ársreikningagerð. Langtímaáætlun er framkvæmd árlega í tengslum við fjárfestingarstefnu og eigið áhættumat.
Áhættuvilji A og V deild (vikmörk)	Lausafjárstaða samsvari að hámarki til lífeyrisgreiðslna í 3 mánuði.
Áhættuþol A og V deild	Lausafjárstaða samsvari að lágmarki til lífeyrisgreiðslna í 1 mánuð.
Áhættuvilji B deild (vikmörk)	Lausafjárstaða samsvari að hámarki til lífeyrisgreiðslna í þrjá mánuði a.t.t. hlutdeild launagreiðenda, að hámarki 400 m.kr.
Áhættuþol B deild	Lausafjárstaða samsvari að lágmarki til lífeyrisgreiðslna í einn mánuð, að lágmarki 300 m.kr.
Viðbragðs- áætlun	Gefi lausafjárspá til kynna að lausafjárstaða fari niður fyrir 1 mánaða lífeyrisgreiðslur boða starfsmenn áhættustýringar fund í fjárfestingaráði. Á fundinum skal ákveða hvernig skuli brugðist við. Ákvörðun skal kynna fyrir stjórn sjóðsins á næsta stjórnarfundi.

3.2.3 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi vegna ófullnægjandi innri kerfa, stefnu eða verkferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta.

Ábyrgðaraðili	Starfsmenn áhættustýringar bera ábyrgð á gerð áhættumats á rekstraráhættu með reglulegum úttektum.																																																																																																																																				
Tíðni	Úttektir á rekstraráhættu eru gerðar í samræmi við úttektaráætlun áhættusviðs. Niðurstöður þeirra eru sjóðsins skal framkvæma árlega og niðurstöður hennar skulu kynntar stjórn sjóðsins eigi síðar en á 4 ársfjórðungi ár hvert.																																																																																																																																				
Áhættuvilji A, V og B deild (vikmörk)	<ul style="list-style-type: none"> Áhættugildi samkvæmt áhættumati rekstraráhættu eru á bilinu 1 - 100 (líkur á bilinu 1 – 10 og áhrif á bilinu (1 – 10)). Áhætta verður að fá áhættustig innan græna/gula svæðisins a.t.t. stýringa (áhættumildunar) <p>Líkur á viðburði</p> <table border="1" data-bbox="332 976 1177 1312"> <tr> <td>>50%</td> <td>10</td> <td>20</td> <td>30</td> <td>40</td> <td>50</td> <td>60</td> <td>70</td> <td>80</td> <td>90</td> <td>100</td> </tr> <tr> <td>9</td> <td>9</td> <td>18</td> <td>27</td> <td>36</td> <td>45</td> <td>54</td> <td>63</td> <td>72</td> <td>81</td> <td>90</td> </tr> <tr> <td>25-50%</td> <td>8</td> <td>8</td> <td>16</td> <td>24</td> <td>32</td> <td>40</td> <td>48</td> <td>56</td> <td>64</td> <td>72</td> </tr> <tr> <td>7</td> <td>7</td> <td>14</td> <td>21</td> <td>28</td> <td>35</td> <td>42</td> <td>49</td> <td>56</td> <td>63</td> <td>70</td> </tr> <tr> <td>10-25%</td> <td>6</td> <td>6</td> <td>12</td> <td>18</td> <td>24</td> <td>30</td> <td>36</td> <td>42</td> <td>48</td> <td>54</td> </tr> <tr> <td>5</td> <td>5</td> <td>10</td> <td>15</td> <td>20</td> <td>25</td> <td>30</td> <td>35</td> <td>40</td> <td>45</td> <td>50</td> </tr> <tr> <td>1-10%</td> <td>4</td> <td>4</td> <td>8</td> <td>12</td> <td>16</td> <td>20</td> <td>24</td> <td>28</td> <td>32</td> <td>36</td> </tr> <tr> <td>3</td> <td>3</td> <td>6</td> <td>9</td> <td>12</td> <td>15</td> <td>18</td> <td>21</td> <td>24</td> <td>27</td> <td>30</td> </tr> <tr> <td>2</td> <td>2</td> <td>4</td> <td>6</td> <td>8</td> <td>10</td> <td>12</td> <td>14</td> <td>16</td> <td>18</td> <td>20</td> </tr> <tr> <td><1%</td> <td>1</td> <td>2</td> <td>3</td> <td>4</td> <td>5</td> <td>6</td> <td>7</td> <td>8</td> <td>9</td> <td>10</td> </tr> <tr> <td></td> <td>1</td> <td>2</td> <td>3</td> <td>4</td> <td>5</td> <td>6</td> <td>7</td> <td>8</td> <td>9</td> <td>10</td> </tr> <tr> <td></td> <td>Áhrif:</td> <td>Óveruleg áhrif</td> <td>Minniháttar áhrif</td> <td>Miðlungs áhrif</td> <td>Veruleg áhrif</td> <td>Háskaleg áhrif</td> <td></td> <td></td> <td></td> <td></td> </tr> </table>	>50%	10	20	30	40	50	60	70	80	90	100	9	9	18	27	36	45	54	63	72	81	90	25-50%	8	8	16	24	32	40	48	56	64	72	7	7	14	21	28	35	42	49	56	63	70	10-25%	6	6	12	18	24	30	36	42	48	54	5	5	10	15	20	25	30	35	40	45	50	1-10%	4	4	8	12	16	20	24	28	32	36	3	3	6	9	12	15	18	21	24	27	30	2	2	4	6	8	10	12	14	16	18	20	<1%	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10		1	2	3	4	5	6	7	8	9	10		Áhrif:	Óveruleg áhrif	Minniháttar áhrif	Miðlungs áhrif	Veruleg áhrif	Háskaleg áhrif				
>50%	10	20	30	40	50	60	70	80	90	100																																																																																																																											
9	9	18	27	36	45	54	63	72	81	90																																																																																																																											
25-50%	8	8	16	24	32	40	48	56	64	72																																																																																																																											
7	7	14	21	28	35	42	49	56	63	70																																																																																																																											
10-25%	6	6	12	18	24	30	36	42	48	54																																																																																																																											
5	5	10	15	20	25	30	35	40	45	50																																																																																																																											
1-10%	4	4	8	12	16	20	24	28	32	36																																																																																																																											
3	3	6	9	12	15	18	21	24	27	30																																																																																																																											
2	2	4	6	8	10	12	14	16	18	20																																																																																																																											
<1%	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10																																																																																																																											
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10																																																																																																																											
	Áhrif:	Óveruleg áhrif	Minniháttar áhrif	Miðlungs áhrif	Veruleg áhrif	Háskaleg áhrif																																																																																																																															
Áhættuþol	Stjórn hefur skilgreint að áhættustig getur að hámarki verið innan appelsínugula svæðisins a.t.t. stýringa (áhættumildunar) og þá ber að grípa til aðgerða til að lækka í gula/græna svæðið.																																																																																																																																				
Viðbragðs-áætlun	<p>Þegar niðurstöður áhættumats liggur fyrir og einn eða fleiri þættir í mati eru utan áhættuvilja ber sjóðnum að bregðast við með úrbótum.</p> <p>Lendi áhætta á appelsínugula svæðinu a.t.t. stýringa þarf framkvæmdastjóri að samþykka niðurstöðu áhættumats og viðbragðsáætlun sem miðar af því að koma áhættu á græna/gula svæðið.</p> <p>Lendi áhætta á rauðu svæði þurfa starfsmenn áhættustýringar að kynna stjórn niðurstöðu áhættumats á næsta stjórnarfund. Framkvæmdastjóri í umboði stjórnar ákveður viðbragðsáætlun sem miðar af því að koma áhættu á græna/gula svæðið.</p>																																																																																																																																				

Í matinu eru metnar líkur út frá líkindatöflu að áhætta raungerist og áhrif hennar á: fjárhagslegt tap, ímynd, mannauð, lög, reglur og samþykktir.

Fylki áhrifa

	1-2 Óveruleg áhrif	3-4 Minniháttar áhrif	5-6 Miðlungs áhrif	7-8 Veruleg áhrif	9-10 Háskaleg áhrif
Fjárhagsviðmið í rekstri	Mögulegt fjárhagstap (beint eða óbeint) sem nemur minna en 3 m.ISK.	Mögulegt fjárhagstap (beint eða óbeint) á bilinu 3 til 7 m.ISK.	Mögulegt fjárhagstap (beint eða óbeint) á bilinu 7 til 20 m.ISK.	Mögulegt fjárhagstap (beint eða óbeint) á bilinu 20 til 50 m.ISK.	Mögulegt fjárhagstap (beint eða óbeint)sem nemur meira 50 m.ISK.
Ímynd (orðspor)	Atburður sem auðvelt er að bregðast við og takmarka tjón.	Ímynd bíður óverulegan tímabundinn skaða.	Tjón á ímynd til meðallangs tíma. Umfjöllun í fjölmiðlum.	Tjón á ímynd til meðallangs eða langs tíma. Umfjöllun í fjölmiðlum sem hefur neikvæð áhrif á viðhorf almennings og viðskiptavina til sjóðsins.	Tjón á ímynd til langs tíma. Umfjöllun í fjölmiðlum sem hefur veruleg neikvæð áhrif á viðhorf almennings og skaðar samskipti við viðskiptavinum sjóðsins.
Hlíting við lög /reglur/ samþykktir	Minniháttar innri ágreiningur sem auðvelt er að bregðast við án utanaðkomandi íhlutunar.	Grunur um brot á innri reglum, samþykktum, reglugerðum, leyfum eða viðskiptaskilmálum - atvik sem gæti verið tilkynningaskyldt til eftirlitsstofnanna - án viðurlaga.	Brot á innri reglum, leyfum eða viðskiptaskilmálum - atvik tilkynningaskyldt til eftirlitsstofnanna með mögulegri utanaðkomandi íhlutun og hugsanlegum fjárhagslegum viðurlögum.	Brot á lögum, reglugerðum, leyfum eða viðskiptaskilmálum. Heimsókn frá eftirlitsstofnunum varðandi vanefndir eða brot. Fjárhagsleg viðurlög og refsiviðurlög.	Meiriháttar brot á lögum, reglugerðum, leyfum eða viðskiptasamningum. Riftun eða ógilding samninga. Umtalsverð fjárhagsleg viðurlög sjóðsins og / eða starfsfólks - refsiviðurlög.
Mannauður	Minniháttar álag / Ekki fjarvera.	Einhvert álag til skamms tíma / Fjarvera 1-15 dagar	Talsvert álag til meðallangs tíma / Fjarvera 15-30 dagar / Hugsanlega tímabundnar breytingar á vinnufyrirkomulagi.	Verulegt álag til meðallangs eða langs tíma / Fjarvera meiri en 30 dagar / Huga þarf að breytingum á vinnufyrirkomulagi.	Meiriháttar álag til langs tíma / Varanlegur líkamlegur eða andlegur skaði / Löng fjarvera frá vinnu / Atvik hefur áhrif á starfsemi.
Persónuvernd	Minniháttar ágreiningur sem auðvelt er að bregðast við án aðkomu Persónuverndar.	Grunur um brot á innri reglum og verkferlum - atvik sem gæti veirið tilkynningaskyldt til Persónuverndar - án viðurlaga.	Brot á persónuverndarlögum sem leiða til dagsekta af hálfu Persónuverndar og geta numið allt að 200 þús. kr.	Vægari brot sbr. 1-3 tl. 2. mgr. 46.gr. persónuverndarlaga. Stjórnvaldssektir geta numið frá 100 þús. kr - 1,2 ma.kr eða allt að 2% af árlegri heildarveltu sjóðsins.	Alvarleg brot sbr. 1-5 tl. 3. mgr. 46.gr. persónuverndarlaga. Stjórnvaldssektir geta numið frá 100 þús. kr - 2,4 ma.kr eða allt að 4% af árlegri heildarveltu sjóðsins.

Fylki líkinda

	Líkur	Lýsing	
		<i>Almennt</i>	<i>Líkur út frá tíma</i>
9-10 Mjög líklegt	> 50 %	Líklegra en ekki að atburður verði að veruleika. Sambærilegar atburðir hafa t.d. átt sér stað í sögu sjóðsins og/eða sambærilegri starfsemi og/eða fjöldi atvika eða viðvaranir hafa átt sér stað sem gefur til kynna að möguleg áhætta komi til með að raungerast.	Gert er ráð fyrir að atburður eigi sér stað a.m.k. annað hvert ár.
7-8 Líklegt	25 - 50 %	Töluverðar líkur á að atburður komi til með að raungerast. Sambærilegar atburðir hafa t.d. átt sér stað sögu sjóðsins eða álíka starfsemi.	Gert er ráð fyrir að atburður eigi sér stað a.m.k. einu sinni á 4 ára fresti en ekki oftár en einu sinni á 2 ára fresti.
5-6 Mögulegt	10 - 25 %	Það eru líkur á því að atburður raungerist. Sambærilegar atburðir hafa t.d. öðru hverju átt sér stað í sögu sjóðsins eða álíka starfsemi.	Gert er ráð fyrir að atburður eigi sér stað a.m.k. einu sinni á 10 ára fresti en ekki oftár en einu sinni á 4 ára fresti.
3-4 Ólíklegt	1 - 10 %	Ólíklegt að atburður raungerist, en þó ekki ómögulegt.	Gert er ráð fyrir að atburður eigi sér stað a.m.k. einu sinni á 100 ára fresti en ekki oftár en einu sinni á 10 ára fresti.
1-2 Mjög ólíklegt	< 1 %	Mjög ólíklegt að atburður raungerist. Myndi aðeins gerast við sérstakar kringumstæður.	Gert er ráð fyrir að atburður eigi sér stað sjaldnar en á 100 ára fresti.

3.2.4 Stjórnarhættir

Samsetning stjórnar, skilvirkni hennar og starfsemi, stefnumótun, áætlanagerð og eftirlit, áhættustýring og innra eftirlit, gagnsæi og upplýsingagjöf og samfélagsleg ábyrgð skapa heildarmynd góðra stjórnarháttanna. Gæta þarf að því að verklagsreglur stjórnar, framkvæmdastjóra og starfsmanna sjóðsins og stjórnarhættir almennt séu í samræmi við ákvæði laga og reglna hverju sinni og að stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og starfsmönnum séu ljósar þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Ábyrgðaraðili	Stjórn ber ábyrgð á að stjórnarhættir sjóðsins séu í samræmi við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Ísland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Innri endurskoðun gerir árlega úttekt á stjórnarháttum sjóðsins.
Tíðni	Stefnur og reglur sjóðsins eru yfirfarnar að minnsta kosti árlega. Þá skal stjórn meta störf sín árlega með gerð árangursmats.
Áhættuvilji (vikmörk)	Engin vikmörk, ef misræmi finnst ber að bregðast við.
Áhættuþol	Á ekki við
Viðbragðsáætlun	Stjórn bregst við þeim ábendingum sem fram koma við innri endurskoðun og niðurstöðu árangursmats.

3.2.5 Aðrir áhættuþættir

Hér undir fellur önnur, ófyrirsjáanleg áhætta eða atburðir, t.d. kerfishrun, stórtækar grundvallarbreytingar á lagareglum og óvægin gjaldeyrishöft. Með vísan til ófyrirsjáanleika slíkra atburða verður að bregðast við í hverju tilfalli fyrir sig með tilliti til áhættustefnu og aðstæðna.

3.3 Vikmarkaefirlit

Til viðbótar þeim vikmörkum sem skilgreind eru í áhættustýringarstefnu eru vikmörk skilgreind í fjárfestingarstefnu. Í fjárfestingarstefnu er skilgreindir þeir eignaflokkar sem sjóðurinn fjárfestir í, í hvaða hlutföllum og vikmörk fjárfestinga fyrir hvern eignaflokk. Einnig setur stjórn fjárhæðamörk viðskipta.

Verklag	Daglega er markaðsstaða eigna reiknuð, eignaráðstöfun og staða gagnvart vikmörkum.
Ábyrgðaraðili	Starfsmenn áhættustýringar bera ábyrgð á framkvæmd vikmarkaefirlits og frávikaskráningu. Starfsmenn eignastýringar bera ábyrgð á frávikaskráningu fyrir markaðs- og gjaldmiðlaáhættu.
Tíðni	Vikmarkaefirlit er framkvæmt daglega en skýrslugjöf er mánaðarleg til stjórnar.
Vikmörk	Vikmörk eru skilgreind í áhættustýringarstefnu, fjárfestingarstefnu og innri reglum sjóðsins um fjárhæðatakörk viðskipta.
Viðbragðs-áætlun	Öll frávik sem fara yfir vikmörk eru skráð í frávikaskrá og skulu starfsmenn eignastýringar greina stöðuna og kynna niðurstöður og viðbrögð á mánaðarlegum fundi fjárfestingaráðs. Niðurstaða þess fundar er kynnt fyrir stjórn sjóðsins á næsta stjórnarfund. Ef eignaráðstöfun er nálægt vikmörkum er það tiltekið sérstaklega í frávikaskránni sem ábending.

4 Birtingartafla

Tegund áhættu	Ábyrgðaraðili	Aðferðarfræði	Tíðni
Lífeyrstryggingaáhætta			
-Lífeyrstryggingaáhætta	Áhættustýring	Álagspróf á tryggingafræðilegri stöðu	Árlega
Markaðsáhætta			
-Hlutabréfaáhætta	Eignastýring	VaR / áhættumat	Daglega
-Skuldabréfaáhætta	Eignastýring	VaR / áhættumat	Daglega
-Gjaldmiðlaáhætta	Eignastýring	VaR / áhættumat	Daglega
-Flókt og fylgniáhætta	Eignastýring	VaR og hagnaður/tap eigna á gangvirði	Daglega
-Misræmisáhætta	Áhættustýring	Samanburður eigna og skulda	Mánaðarlega
-Uppgreiðsluáhætta	Áhættustýring	Samantekt og greining á uppgreiðslum	Mánaðarlega
Eigna- og skuldbindingajöfnuður			
-Eigna- og skuldbindingajöfnuður	Áhættustýring	Álagspróf á tryggingafræðilegri stöðu og eigið áhættumat	Árlega
Rekstraráhætta			
-Rekstraráhætta	Áhættustýring	Úttektir í samræmi við starfsáætlun áhættustýringar	Árlega
Mótaðilaáhætta- og samþjöppunaráhætta			
-Útlánaáhætta (vanskil)	Áhættustýring	Samantekt og greining á vanskilum	Mánaðarlega
-Útlánaáhætta (varúðarniðurfærsla)	Áhættustýring	Útreikningur á almennri og sértækri varúð einstaklingslána	Árlega
-Samþjöppun stærstu mótaðila	Áhættustýring	Samantekt og greining á stærstu mótaðilum	Mánaðarlega
Lausafjáraáhætta			
-12 mánaða lausafjárspá og lausafjárstaða	Áhættustýring	Mat á væntu mánaðarlegu nettó flæði	Mánaðarlega
-Langtímaspá	Áhættustýring	Mat á væntu nettó flæði út líffíma safns	Árlega
-Seljanleikaáhætta	Áhættustýring	Skýringar í ársreikning og eigið áhættumat	Árlega
Stjórnarhættir			
-Stjórnarhættir		Yfirfara stefnur og reglur, árangursmat stjórnar	Árlega
Vikmarkaæftirlit			
-Vikmarkaæftirlit	Áhættustýring	Úttekt daglegrar stöðu	Daglega

5 Skýrsluskil

Skýrsluskil	Dags.	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des
Stjórn:													
Endurskoðun áhættustefnu, stefnu um áhættuvilja og áhættustýringarstefnu											x		
Skýrsla um eigið áhættumat		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Stjórnaryfirlit		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
FME/SÍ:													
Ársreikningur / pdf form	30.				x								
Ársreikningur á FME formi	30.				x								
Úttekt á ávöxtun einstakra eignasafna	30.				x								
Skýrsla innri endurskoðanda	30.				x								
Skýrsla ytri endurskoðanda	30.				x								
Skýrsla um sundurliðun fjárfestinga	Lok	x			x			x			x		
Fjárfestingarstefna	1.												x
Fylgiskjal með fjárfestingarstefnu	1.												x
Skýrsla um tryggingafræðilega athugun	15.					x							
Eigið áhættumat lífeyrissjóða	30.						x						
Úttekt á upplýsingakerfum	30.				x								
Fasteignalán til neytenda (skuldbindingaskrá)	20.	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Efnahagsyfirlit	25.	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Gjaldeyriviðskipti	5.	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x

Staðfest með undirritun stjórnar Brúar og framkvæmdastjóra

Reykjavík, 31. október 2022